5. Gabb, eða hvað?
Útvarpið gagnrýnt í tilefni af áskorum þess, um að útvarpshlustendur segði til um það, með atkvæðagreiðslu, hverja þeir kysi til þess öðrum fremur að flytja útvarpserindi.

---

2 blöð qto.
+ 1 blað qto. Frumdrög,

# Gabb, eða hvað?

Útvarpið auglýsir áskorun sína til útvarpsnotenda að segja til um það með atkvæðagreiðslu **hvaða menn** þeir kjósi til þess, öðrum fremur að flytja útvarpserindi, svo og um það, **hverskonar efni** þeir vilja helst að þeir flytji. En talað um, að „mikill áhugi sé ríkjandi fyrir atkvæðagreiðslunni um útvarpið", að „atkvæðaseðlar séu þegar farnir að berast" o.s.frv.

Útvarpsráðið sjálft mun áður fyrrum og eigi alls fyrir löngu hafa auglýst um þetta á líka leið og látið í veðri vaka, að þvílíkar bendingar og óskir kæmi fram, enda mundu þær verða teknar til greina.

Nú var það þá, að einmitt vegna þvílíkrar áskorana útvarpsráðsins barst því fjöldi — jafnvel svo tugum eða hundruðum skifti — áskorana eða tilmæli útvarpsnotenda hér í Reykjavík og mörgum sýslum landsins, þar sem
Hol þess var sérstaklega óskað, að ákveðnir menn kæmi þar fram og flyttu ~~þar~~ fróðandi og skemmtandi erindi sín í útvarpið, einmitt eins og útvarpsráðið sjálft hafði óskað eftir. En hvað skeður? Þetta hafði svo útvarpsráðið að engu, enda hafa sumir þeirra manna, er sérstök áhersla var lögð á, að útvarpsráðið tæki til greina — bæði menn og málefni — aldrei verið til þess kvaddir síðan.

Hvað á nú skrípaleikur þessi að þýða? Er verið að gera gys að útvarpshlustendunum, láta þá senda ákveðnar óskir sínar og tilmæli um ákveðna menn og sérstök umræðuefni, en hundsa svo allt saman og láta ekkert af þessu sjást né heyrast í útvarpinu? Á nú að fara að fitja upp á þessu aftur og fara eins að? Vill útvarpsráðið ekki nefna sér það, að því sé
t eftir
þess eigin- bent á + góða útvarpsræðumenn, er vitanlegt er, að geta flutt erindi um það,
lit málum sem almenningur kýs sér helst að heyra: Fræðandi erindi og T skemmtileg?
T Komið Hvað vill það, og eftir hverju er það að auglýsa? Er ekki nóg af lítt nýtu

og einskisverða léttmeti, sem þar er í baðstofunni, þótt einstöku sinnum sé út af því brugðið og mönnum gefinn kostur á því við og við að hlusta á eitthvað annað en það sem almenningi þykir nú orðið bezti og skemmtilegasti dagskrárliðurinn, sem sé: „Dagskrárlokin“?

Eða þá hinir svonefndu barnatímar! Hefir útvarpsráðið engin tök á öðrum mönnum til þess, að fræða börnin og skemmta þeim, en þeim sem engin skilyrði hafa til þess? Útvarpsnotendur í sveitum landsins hafa lítinn og takmarkaðan tíma til hlustunar, bæði þeirra vegna ljós og kostnaðarins; þeir eiga því kröfu á hendur útvarpsins um annað en sí-endurtekinn þvætting, sem það treður upp á þá, en hafnar flestu því, sem útvarpshlustendur vilja ~~[illegible]~~ heyra og hafa ~~[illegible]~~ gagn af, tekur það bæði fyrir ónotuð, sem þeim er bent á – eftir þess eigin beiðni – að til sín og útvarpsráðið þó eigi lítur við.

Hvað eiga þá þessar auglýsingar að þýða? Eru þær bara gabb, sem engum er ætlað að taka mark á?

Útvarpið er talið eitt hið bezta menningartæki þjóðarinnar, svo víð-feðma, að það nær til meginþorra allrar þjóðarinnar, eldri manna og yngri. Þetta getur það verið og til þessa er ætlast að það sé, en þá er þörfin á því þess meiri, að þeir, sem því stjórna, séu að einhverju leyti til þess hæfir, en eigi einhverir dutlungaseggir, hlutdrægir „Sancho Pansa“ hégómans sjálfs og heimskunnar.

# Gabb, eða hvað?

Útvarpið auglýsir áskorun sína til útvarpsnotenda, að þeir segi til um það með atkvæðagreiðslu, hvaða menn þeir kjósi til þess, öðrum fremur, að flytja útvarpserindi, svo og um það, hverskonar efni þeir vilji helzt að þeir flytji. Er talað um að „mikill áhugi sé ríkjandi fyrir atkvæðagreiðslunni um útvarpið“ og að atkvæðaseðlar séu þegar farnir að berazt“ o.s.frv.

Eigi alls fyrir löngu mun útvarpið, eða útvarpsráðið hafa auglýst nákvæmlega í sömu lund sem þessa, að undanskildu því, að þá mun engin atkvæðagreiðsla hafa farið fram, en það var látið í veðri vaka, að óskir manna í þessu efni mundu verða teknar til greina og allar bendingar í þessa átt þakksamlega meðteknar frá útvarpsnotendum.

Því var það, og einkum vegna þessara áskorana útvarpsins þá, báruzt því fjöldi skrifaðra áskorana og tilmæli útvarpsnotenda hér í Reykjavík og mörgum sýslum landsins. Bréf þessi voru send útvarpsráðinu í tugatali og jafnvel svo hundruðum skifti, þar sem þess var sérstaklega óskað, að ákveðnir menn fengi tækifæri til þess að láta til sín heyra, og það sem oftast úr útvarpssölunum, um fræðandi og skemmtandi erindi sín, sem áskorendur vissu, að þeir áttu í fórum sínum, og sem allir útvarpsnotendur hefði gagn og gaman af að heyra, enda var þá þegar orðið „fátt um fína drætti“ hjá útvarpinu, þótt eigi væri það orðið jafn öngulbert sem nú, hin síðari ár.

[margin:] ogjöldu heyra,

Hvað gerir svo útvarpsráðið við þessi plögg, sem það sjálft hafði óskað að fá og fjöldi landsmanna, þeirra, er útvarp eiga, hafði sent því, í fullu trausti þess, að útvarpsráðið sýndi þeim þá kurteisi, að taka tilmæli þeirra til greina, en stingi þeim eigi undir stól?